



Framkvæmda- fréttir

12. tbl. / 10



Vestfjarðavegur (60) í Mjóafirði. Nú er unnið að mati á umhverfisáhrifum vegna endurbóta á þessum vegi.

Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði, drög að tillögu að matsáætlun

Þann 24. maí auglýsti Vegagerðin drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vestfjarðavegi (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði í sveitarfélögunum Reykhólahreppi og Vesturbyggð.

Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt á vegagerdin.is, samkvæmt reglugerð 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Almenningur gat gert athugasemdir við áætlunina og var athugasemdafrestur í tvær vikur eða til 7. júní 2010.

Hér eru birt efni úr drögunum en höfundar eru Helga Aðalgeirsdóttir og Kristján Kristjánsson. Kaflarnir eru mikið styttilir, fyrirsögnum breytt og efnið lagað að þessari birtingu.

Framkvæmd

Fyrirhuguð er framkvæmd á Vestfjarðavegi milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði við norðanverðan Breiðafjörð. Framkvæmdin er í tveimur sveitarfélögum, Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu og Vesturbyggð í Vestur-Barða-

strandarsýslu. Um er að ræða nýjan og endurbyggðan veg frá Eiði í Vattarfirði, um Kerlingarfjörð og Mjóafjörð að Þverá í Kjálkafirði. Núverandi vegur er 24,2 km langur en nýr vegur verður 19,1 eða 16,1 km langur, háð leiðarvali í Mjóafirði. Skoðaðar hafa verið tvær leiðir, veglína A og veglína B í Mjóafirði. Nýlagning vegna veglínna A er 8,8 km en nýlagning vegna veglínna B er 8 km.

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á Vestfjörðum. Óvíst er hvenær ráðist verður í framkvæmdina þar sem óvissa ríkir um fjárveitingar til vegamála en gera má ráð fyrir að hún taki tvö ár.

Vegagerðin kannaði matsskyldu framkvæmdarinnar í janúar 2009. Niðurstaða Skipulagsstofnunar sem barst 27. mars 2009 var að fyrirhuguð framkvæmd kunnist að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var kærð

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

12. tbl. 18. árg. nr. 544 14. júní 2010

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



geta veglínur þó breyst við nánari skoðun og verður rannsóknarsvæðinu breytt í samræmi við það. Í frummatskýrslu verður fjallað um þær veglínur sem koma til greina og ein veglína lögð fram sem valkostur Vegagerðarinnar.

Núverandi samgöngur

Vestfjarðavegur er 341 km langur. Hann liggur frá Hringvegi hjá Dalsmynni, um Bröttubrekku, Búðardal, Svínadal og Gilsfjörð um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Amarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði og Önunarfjörð, um jarðgöng undir Breiðadals- og Botsheiði

á Djúpveg í Skutulsfirði. Vegalengdin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur um Vestfjarðaveg er núna 456 km og þar af eru 318 km með bundnu slitlagi en 138 km af malarvegum.

Haustið 2009 lauk miklum vegabótum á Vestfjörðum þegar nýr vegur um Arnkötuldal, eða Þröskulda var opnaður. Með tilkomu hans er hægt að aka um Djúpveg á bundnu slitlagi milli Reykjavíkur og Ísafjarðar en vegalengdin er 455 km.

Í undirbúningi og í framkvæmd eru í miklar vegabætur á Vestfjarðavegi til að tengja saman byggðarlög og til að hægt verði að fara hringleið um Vestfirði á bundnu slitlagi, allan ársins hring. Eins og kemur fram hér að framan eru

á Djúpveg í Skutulsfirði. Vegalengdin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur um Vestfjarðaveg er núna 456 km og þar af eru 318 km með bundnu slitlagi en 138 km af malarvegum.

Haustið 2009 lauk miklum vegabótum á Vestfjörðum þegar nýr vegur um Arnkötuldal, eða Þröskulda var opnaður. Með tilkomu hans er hægt að aka um Djúpveg á bundnu slitlagi milli Reykjavíkur og Ísafjarðar en vegalengdin er 455 km.

Í undirbúningi og í framkvæmd eru í miklar vegabætur á Vestfjarðavegi til að tengja saman byggðarlög og til að hægt verði að fara hringleið um Vestfirði á bundnu slitlagi, allan ársins hring. Eins og kemur fram hér að framan eru



Núverandi vegur í botni Kjálkafjarðar (Ljósmynd: Böðvar Þórisson, 2008).



Möguleg þverun Kjálkafjarðar verður utan við leirurnar (Ljósmynd: Böðvar Þórisson, 2008).

ennþá 138 km af malarvegum á Vestfjarðavegi og er sums staðar um erfiða fjallvegi að fara sem lokast auðveldlega að vetrarlagi. Með göngum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar sem stytta leiðina um 27 km verður þessi leið, þ.e. um Vestfjarðaveg, stysta leiðin á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Með fjarðarþverunum við norðanverðan Breiðafjörð eru áform um að stytta leiðina meira, þannig að hún verði að lokum aðeins rúmlega 400 km.

Nokkrar endurbætur hafa verið gerðar á Vestfjarðavegi við norðanverðan Breiðafjörð á seinustu árum en frekari endurbætur eru í undirbúningi. Ennþá er malarvegur á kaflanum frá Þórisstöðum í Þorskafirði og rétt vestur fyrir Skálanes en í bígerð er að þvera Djúpafjörð og Gufufjörð í Gufudalsveit og stytta leiðina um 12 km. Með þverun Þorskafjarðar myndi leiðin stytta um 9,5 km til viðbótar. Vestfjarðavegur á kaflanum frá Skálanesi að Eiði í Vattarfirði var endurbyggður á árunum 2002-2008.

Kaflinn frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði er hér til umfjöllunar og búið við 5-8 km styttingu á þeirri leið. Framkvæmdir við endurbyggingu Vestfjarðavegar á kaflanum frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði standa nú yfir og á þeim að ljúka á þessu ári.

Vegarkaflinn sem hér er til umfjöllunar liggur frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði og er núverandi vegur 24,2 km langur. Áður fyrr var farið um Þingmannaheiði á þessum kafla, en akvegur yfir heiðina var ruddur 1951. Hann lá frá Eiðinu við Vattarfjörð norður eftir suðausturbrún heiðarinnar, vestur yfir Austurá skammt sunnan Djúpavatns, yfir Mjóafjarðará og Kjálkafjarðará og niður Þingmannadal. Þaðan niður með Þingmannaá sem leið liggur í Vatnsfjörð.

Núverandi vegur úr Vattarfirði í Kjálkafjörð var lagður rétt fyrir 1970, og á honum eru nokkrar einbreiðar brýr, þ.e. yfir Mjóafjarðará, Kjálkafjarðará, Þverá og Skiptá, sem voru byggðar á árunum 1968-1969.

Núverandi vegur er bæði mjór og krókóttur og hefur ekki bundið slitlag. Hann stenst ekki kröfur um burðarþol og því þarf að takmarka leyfðan öxulþunga á vorin. Kröfum um öryggissvæði er hvergi fullnægt.

Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar 2008 var umferðin um Vestfjarðaveg á viðkomandi vegarkafli 67 ÁDU (árdagsumferð), 136 SDU (sumardagsumferð) og 20 VDU (vetrardagsumferð).

Hluti umferðarinnar fer með Breiðarfjarðarferjunni Baldri yfir Breiðafjörð, milli Stykkishólms og Brjánslækjar. Í gildi er samningur um rekstur ferjunnar. Hann rennur út 31. maí 2012. Telja verður líklegt að samningurinn verði framlengdur þar til Vestfjarðavegurinn milli Þórisstaða í Þorskafirði og Þverár í Kjálkafirði telst til svonefndra heilsársvega.


Gera má ráð fyrir að með Dýrafjarðargöngum muni hluti umferðarinnar að og frá Ísafjarðarsýslum fara í meira mæli um Vestfjarðaveg en verið hefur og dragi þá eitthvað úr umferð um Djúpveg.

Kostir við vegagerð

Vegarkaflinn byrjar við klæðingarenda við Eiði í Vattarfirði, liggur inn Kerlingarfjörð og yfir innsta hluta Mjóafjarðar, fyrir Litlanes, yfir leirur í Kjálkafirði og endar á núverandi vegi rétt utan við Þverá í Kjálkafirði. Reynt verður að nýta núverandi vegstæði eins og kostur er. Á núverandi vegi eru hins vegar alvarlegir vegtæknilegir ágallar. Aðal ágallarnir eru mjög krappar beygjur yfir Eiðið milli Vattarfjarðar og Kerlingarfjarðar og fyrir Litlanes. Sama gildir í raun um beygjurnar í botni Mjóafjarðar og Kjálkafjarðar. Endurnýja þarf brýr á Mjóafjarðará, Skiptá, Kjálkafjarðará og Þverá. Með það í huga og snjóavandamál innst í fjörðunum hefur verið skoðað að þvera fjarðarbotnana og stytta leiðir. Með styttingu leiða fækka umferðarslysum.

Tvær leiðir koma til greina við þverun Mjóafjarðar, veglínur A og B. Miðað við innri leið í Mjóafirði styttest vegurinn um 5,1 km en með ytri leið í Mjóafirði fengist 3 km stytting til viðbótar. Í ljósi markmiða Samgönguáætlunar hefur Vegagerðin meiri áhuga á að þvera Mjóafjörð í fjarðarmynninu samkvæmt veglínunni A en að þvera fjörðinn í botni fjarðarinnar samkvæmt veglínunni B.

Nokkrar línur hafa verið skoðaðar við þverun Kjálkafjarðar. Veglínur við hólmann í botni fjarðarinnar myndu skerða töluvert af leirunni. Jafnframt skera veglínur þar mjög í sundur voga





Í grennd við mögulega þverun Mjóafjarðar samkvæmt veglínu A (Ljósm.: Náttúrustofa Vestfjarða, 2008).

og nes í austanverðum firðinum með sömu áhrifum og á leiruna. Með því að færa veglínuna utar skerðist minna af leirunni. Snjóöfnunin undir hlíðinni í austanverðum firðinum skiptir ekki máli ef línurnar eru færðar utar. Þessi þverun er liðlega 0,8 km styttri en aðrir kostir sem voru skoðaðir innan í firðinum.

Rofverja þarf veginn þar sem firðir eru þveraðir og annars staðar þar sem ágangs sjávar gætir.

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1) um Fjarðará í Lóni 10-018

Tilboð opnuð 8. júní 2010. Endurbýgging á um 300 m kafla Hringvegur (1) um Fjarðará í Lóni. Í Fjarðará á að setja 2 stk. stálplöturæsi; 4 m x 7 m, hvort um sig 36 m langt. Helstu magnbólur eru:

Stálplöturæsi	72 m
Steypa	120 m ³
Grjótvörn	1.120 m ³
Burðarlag	2.200 m ³
Tvöföld klæðing	2.000 m ²
Frágangur fláa	4.230 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2010.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Jökulfell ehf., Hornafirði	41.223.550	106,5	22.805
---	Áætlaður verktakakostnaður	38.700.000	100,0	20.282
4	SG. vélar ehf., Djúpavogi	27.415.012	70,8	8.997
3	Rósaberg ehf., Höfn	24.500.035	63,3	6.082
2	Bíladrangur ehf., Vík	22.745.100	58,8	4.327
1	Háfell ehf., Reykjavík	18.418.125	47,6	0

Veglínur A og B

Veglína A þverar Mjóafjörð við mynni hans þar sem dýpi er um 14 m en veglína B þverar fjörðinn á leirum í fjarðarbotninum. Nýlögð vegar milli Eiðis í Vattarfirði og Borgarness í Kerlingarfirði samkvæmt ytri þverun, veglínu A, er 4,1 km en 3,4 km við innri þverun, veglínu B. Heildarlengd vegar á milli Eiðis og Borgarness samkvæmt veglínu A er rétt liðlega 3 km styttri en við innri þverunina, veglínu B.

Nýlögð vegar milli Borgarness og Litlaness er 2,05 km en nýlögð vegar milli Litlaness og Þverár er 2,65 km. Samanlagt er nýlögð vegar 8,8 km miðað við ytri þverun í Mjóafirði, veglínu A, en um 8 km miðað við innri þverun, veglínu B.

Vegur

Miðað er við að byggður verði góður og öruggur vegur sem verður felldur eins vel að landi og aðstæður leyfa.

Byggja á 16,1-19,1 km langan nýjan veg milli Eiðis í Vattarfirði að Þverá í Kerlingarfirði sem fylgir núverandi vegi á köflum. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði 8 m breiður (C8) og nokkuð uppbyggður. Hann verður felldur eins vel að landi og aðstæður leyfa en hæstu vegfyllingar eru við fjarðaþveranir í Mjóafirði og Kjálkafirði en mestu skeringar við Eiði og Litlanes. Ætlaður hönnunarhraði verður ≥ 90 km/klst. og verður vegurinn hannaður fyrir 11,5 t öxulþunga.

Ræsi og brýr

Byggðar verða brýr á Kjálkafjörð og Mjóafjörð. Nauðsynleg brúarlengd miðast við að tryggja full vatnsskipti. Engar rannsóknir hafa farið fram á botnlögum í brúarstæðum en þær rannsóknir eru nauðsynlegar fyrir endanlega grundun brúa en hafa engin áhrif á lengd þeirra. Gert er ráð fyrir 60 m langri brú í Kjálkafirði en 50 m langri brú í Mjóafirði miðað við veglínu A en 16 m langri brú miðað við veglínu B. Á meðan á vinnslu frummatsskýrslu stendur, verða botnlög í Mjóafirði og Kerlingarfirði könnuð og niðurstöður birtar í frummatsskýrslu. Aðrar ár og lækir falla annað hvort innan

þverananna eða verða leidd um ræsi. Ræsaþönnun hefur ekki farið fram en ræsi verða staðsett þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum á vori eða þegar úrkoma er mikil. Tekið verður mið af vidd ræsa í núverandi vegi. Hönnunarflóð ræsa og brúa mun miðast við 100 ára flóð.

Frágangur

Skeringar og námur verða sléttadar í samræmi við landslag og umhverfi en einnig til að hamla gegn vindrofi.

Öllum jarðvegi á skeringar- og námusvæðum verður haldið til haga og jafnað yfir skeringar, námusvæði og annað rask í verklok. Reynt verður að græða upp öll sár og allt jarðrask. Þar sem girðingar raskast verða þær lagfærar í samræði við landeigendur. Hugað verður að lagfæringu á eldri sárum eða jarðraski í samræði við viðkomandi aðila.

Við þverun Mjóafjarðar og Kjálkafjarðar verða núverandi vegir um fjarðarbotnana lagðir af. Við undirbúning framkvæmdarinnar hefur Umhverfisstofnun lagt áherslu á að áfram verði hægt að aka inn í fjarðarbotnana. Í Mjóafirði eru áform um að vegurinn austan fjarðarins að Mjóafjarðará fái að standa en að veginum að vestan verði lokað og vegsvæðið grætt upp. Í Kjálkafirði verður vegurinn vestan fjarðarins óbreyttur inn fyrir fjarðarbotninn og langleiðina út undir



Nýtt aðvörumerki

Hestar - A11.32

Merki þetta má nota til að vara við því að hestar gangi lausir á vegsvæði.

Á undanförunum árum hafa verið tekin í notkun umferðarmerki sem vara ökumenn við lausagöngu dýra við veg. Þessi merki sýna nautgripi (A11.36), sauðfé (A11.37), og hreindýr (A11.38). Merki sem varar við umferð reiðmanna (A11.31) er annars eðlis. Það þykir því rétt að einnig sé til merki sem varar við lausagöngu hrossa á eða við vegsvæði. ■



A11.31



A11.36



A11.37



A11.38

Skiptá að austan. Þaðan að nýja veginum verði veginum lokað og vegsvæðið grætt upp.

Engar girðingar eru meðfram núverandi vegi og miðað við að það verði óbreytt. Skoðað verður hvort ástæða er til að byggja áningarstað eða útskot við vegarkafllann. Ákvörðun um áningarstað eða útskot verður tekin í samræði við landeigendur og viðkomandi sveitarstjórn. ■

Vegagerðin og Farsýslan

Eftirfarandi pistill var birtur þann 8. júní á innræf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um sameiningar samgöngustofnana

Frumvörp til laga um tvær nýjar samgöngustofnanir voru samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar í morgun, 8. júní 2010. Þar voru einnig kynnt nöfn stofnananna:

Vegagerðin – Framkvæmdastofnun samgöngumála og

Farsýslan – Stjórnsýslustofnun samgöngumála.

Við smíði lagafrumvarpanna um hinar tvær nýjar ríkisstofnanir á sviði samgöngumála hefur verið notast við vinnuheit. Til að fá fram tillögur um heiti á hinar nýju stofnanir var í maí efnt til samkeppni meðal starfsmanna stofnananna fjögurra, Flugmála-stjórnar Íslands, Siglingastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu svo og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Alls bárust 35 tillögur um nöfn og voru þar margar og góðar tillögur og úr vöndu að ráða.

Í framhaldi af samkeppninni var íslenskufraeðingurkvaddur til ráðuneytis samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og í framhaldi af umræðum og athugunum lagði Kristján L. Möller samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til eftirfarandi nöfn á stofnanirnar:

Vegagerðin

Framkvæmdastofnun samgöngumála

Farsýslan

Stjórnsýslustofnun samgöngumála

Nöfnin voru samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar nú í morgun og frumvörpin í framhaldi af því send til umsagnar þingflokka stjórnarflokkanna.

Rökstuðningur fyrir nöfnunum er meðal annars eftirfarandi:

Vegagerðin

Með orðinu vegur er ekki aðeins vísað í vegi á landi heldur og vísað til vega skipa og vega fugla, sbr. Orðabók Menningarsjóðs 1993, og þeirrar málvenju að auk þess að fara um landveg fara menn sjóveg. Þá er vegur liður í margs konar samsetningum og tilvísunum, vera vel á vegi staddur o.s.frv. Vegagerðin í dag hefur það hlutverk að sjá um veghald á landi. Með þessu frumvarpi er verið að leggja áherslu á nýja merkingu nýrrar stofnunar sem annast myndi einkum innviði samgöngumannvirkja á landi og sjó.

Farsýslan

Með farsýslu er vísað til hvers konar umsýslu með málefni og ákvarðanir um þau. Vísað er til þess að helstu viðfangsefni stofnunarinnar lúta að stjórnsýslu og eftirliti með farartækjum á öllum sviðum samgöngumála og búnaði þeirra; bifreiðum, skipum og flugvélum. Einnig nær eftirlit stofnunarinnar til stjórnenda þessara farartækja, réttinda þeirra og hæfis. Einnig er með liðnum far- vísað til þeirrar merkingar að far hafi jafnan átt við báta og skip og loftfar. ■

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	
10-050 Hringvegur (1), Hnausakvísl - Stóra-Giljá	10	
10-003 Vetrarþjónusta 2010 - 2014, Rangárvallasýsla og Flói	10	
10-007 Styrkingar á Suðursvæði 2010	10	
10-032 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Helliðsandur - Fróðárheiði - Breiðavík	10	
10-014 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vestfirðir	10	
10-029 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Djúpvogur - Höfn	10	
10-023 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur(85), Raufarhafnarafleggjari - Fell	10	
10-024 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Bakkafjörður og Vopnafjörður	10	
10-025 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, vegir á Fljótsdalshéraði	10	
10-021 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Lón - Raufarhöfn	10	
10-026 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðfjarðarvegur	10	
10-022 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Einarstaðir - Biskupsháls	10	
10-028 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Breiðdalsvík - Djúpvogur	10	
10-019 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Eyjafjörður að vestan	10	
10-020 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Kross - Húsavík - Tjörnes	10	
10-030 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Höfn- Skeiðarársandur	10	
10-027 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Suðurfjarðarvegur, Fáskrúðsfjarðargöng - Breiðdalur	10	
10-036 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Siglufjarðarvegur	10	
10-012 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vesturland	10	
10-006 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2010	10	
10-035 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Brú - Blönduós	10	
10-039 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvogur, Vestfjarðarvegur í Reykhólasveit -Reykjanes	10	
10-038 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvogur, Reykjanes - Bolungarvík	10	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
10-051 Múlavegur í Fljótsdal (934), Langhús - Glúmsstaðir II	14.06.10	29.06.10
10-011 Festun og yfirlögn á Hringvegi (1) 2010	14.06.10	29.06.10
10-049 Lagfæringar vega við Markarfljótsbrú	07.06.10	22.06.10
10-048 Hafnarfjarðarvegur (40), aðreinar	07.06.10	22.06.10
10-041 Reykjanesbraut (41), hringtorg við Grænás	07.06.10	22.06.10
10-031 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Vesturland, suðurhluti	07.06.10	22.06.10
10-016 Yfirlagnir á Norðaustur-svæði 2010, malbik	07.06.10	22.06.10

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
10-018 Hringvegur (1) um Fjarðará í Lóni	25.05.10	08.06.10
09-035 Kringlumýrarbraut (40), rampi og undirgöng við Bústaðaveg	17.05.10	01.06.10
10-013 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Norðurland vestra	10.05.10	26.05.10
10-001 Viðhald malarvega á Suðursvæði 2010, vegheflun	10.05.10	26.05.10
10-037 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2010, malbik	03.05.10	18.05.10
10-004 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2010, klæðing	19.04.10	04.05.10
10-005 Yfirlagnir á Suðursvæði 2010, malbik	19.04.10	04.05.10
10-042 Yfirlagnir á Norðaustur-svæði 2010, norðurhluti, klæðing	19.04.10	04.05.10
10-015 Yfirlagnir á Norðaustur-svæði 2010, austurhluti, klæðing	12.04.10	27.04.10
09-034 Hringvegur (1) - tvöföldun, Fossvellir -Draugahlíðar	08.03.10	20.04.10

Auglýsingar útboða

Múlavegur í Fljótsdal (934), Langhús - Glúmsstaðir II	10-051
Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurgerð á 5,6 km kafla á Múlavegi í Fljótsdal á Fljótsdalshéraði. Helstu magntölur eru:	
Fylling úr skeringum	20.200 m ³
Neðra burðarlag	12.000 m ³
Efra burðarlag	2.300 m ³
Tvöföld klæðing	25.000 m ²
Frágangur fláa	25.000 m ²
Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2011. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 14. júní 2010. Verð útboðsgagna er 4.000 kr. Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 29. júní 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.	

Festun og yfirlögn á Hringvegi (1) 2010	10-011
Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun með froðubiki eða sementi ásamt lögn á tvöfaldri klæðingar á Hringvegi í Vestur Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu 2010. Um er að ræða 3 vegkafla, alls um 9,75 km. Helstu magntölur eru:	
Festun með froðubiki eða sementi	76.100 m ²
Tvöföld klæðing	79.100 m ²
Verki skal að fullu lokið 1. september 2010. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 14. júní 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr. Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 29. júní 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.	